

Dagskrárráð Hörpu

Stjórn Hörpu hefur komið á fót ráðgefandi dagskrárráði til að styðja við mikilvæga innleiðingu og framkvæmd nýrrar dagskrárstefnu. Ráðið tók til starfa samhliða því að Listráð Hörpu lauk hlutverki sínu haustið 2022. Ráðið hefur það að leiðarljósi að starfa í anda stefnumótunar Hörpu. Markmiðið með starfseminni er að stuðla að gæðum og fjölbreytni í viðburðahaldi í Hörpu og að húsið uppfylli sem best menningarlegt hlutverk sitt miðað við þann stakk sem því er sniðinn.

Dagskrárstefna Hörpu skiptist upp í eftirfarandi áherslur:

- Barnamenning og fjölskylduvæn dagskrá
- Borgartorgið sem hattur yfir hátíðir, opin rými og Hörputorg
- Fjölbreytni og bætt aðgengi fyrir grasrót og ungt tónlistarfólk
- Fyrsta flokks alþjóðlegir viðburðir á vegum Hörpustrengja.

Viðfangsefni dagskráráðsins er fyrst og fremst síðastnefndi þátturinn.

Hlutverk

Í ráðgefandi hlutverki felst aðkoma að mótun tillagna sem færu til afgreiðslu hjá stjórn Hörpu um áherslur og stærri verkefni í langtímaáætlun í eigin viðburðahaldi og samstarfsverkefnum, velja í samráði við forstjóra og verkefnastjóra stærri viðburði sem haldnir eru í nafni Hörpustrengja, taka þátt í hugmyndavinnu og tillögugerð um hvernig megi raungera dagskrárstefnu Hörpu á raunhæfan og metnaðarfullan hátt.

Skipan

Dagskrárráð skal hafa á að skipa einstaklingum sem hafa fjölþætta og víðtæka þekkingu á tónlist – jafnt heimavelli og heimssviði og vilja starfa með Hörpu á metnaðarfullan hátt.

Ráðið er skipað 4 fulltrúum til 2 ára í senn.

2

Stjórn Hörpu kallaði eftir tilnefningum frá SAMTÓNI sem tilnefndi sex fulltrúa – þrjár konur og þrjá karla, sem hafa víðtæka og fjölbreytta þekkingu á tónlist – jafnt íslenskum og alþjóðlegum straumum. Stjórn Hörpu valdi tvo fulltrúa úr þessum hópi ásamt því að skipa til viðbótar tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Stjórn Hörpu skal tryggja að skipan ráðsins endurspegli jafnræði kynja og sem fjölbreyttasta þekkingu á verkefnum þess.

Á stjórnarfundum Hörpu í september 2022 voru þau Ásmundur Jónsson, Sóley Stefánsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Guðni Tómasson skipuð í dagskrárráð til tveggja ára og er Guðni jafnframt formaður.

Verkefnastjóri dagskrárgerðar í Hörpu er Ása Berglind Hjálmarsdóttir (asaberglind@harpa.is) og starfar hún með ráðinu.